

Nd.

19. Frumvarp

til laga um vörugjald.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson og Stefán Stefánsson, Eyf.

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verzlunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af hundraði af verðhæð vörunnar.

2. gr.

Gjaldið skal ákveðið eftir sölureikningi seljanda (faktura), er ávallt skal fylgja vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum.

3. gr.

Nú fylgir sölureikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í sölureikningi, og skal þá gjaldheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda þangað til sölureikningur er sýndur.

Nú hendir slíkt sama mann aftur, og skal þá, auk kyrsetningar, beita við hann sektum frá 10—1000 kr.

Hendi það sama mann í þriðja sinn, sæti sömu viðurlögum, enda sje varan þá upptæk landssjóði til handa.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru sett óeðlilega lágt í sölureikningi, og skal þá kyrsetja vöruna á sama hátt og sagt er í 3. gr., þangað til fengin er skýrsla um markarðsverð slíkrar vöru, á þeim stað, sem varan var keypt.

Reynist verðið of lágt, gjaldi viðtakandi, auk eftirgrenslunarkostnaðar, þrefalt gjald af upphæð þeirri, sem reynt var að draga undan.

Hendi slíkt sama mann aftur, sæti sömu viðurlögum og auk þess alt að 1000 kr. sektum.

Hendi það sama mann í þriðja sinn, sæti sömu útlátum og varan þar að auki upptæk landssjóði til handa.

5. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna, svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þan eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

6. gr.

Brot á lögnum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna landssjóð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.